

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 401/1993 um takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara.

1. gr.

1. málslíður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Innflutningur á landbúnaðarvörum, sem tilgreindar eru hér að neðan og flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, er óheimill án leyfis landbúnaðarráðherra, sem leitar eftir umsögn og staðfestingu Framleiðsluráðs landbúnaðarins í samræmi við 52. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, á því að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni.

2. gr.

Aftan við 3. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein er verði 4. gr. og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar er innflutningur neðangreindra landbúnaðarvara heimill frá eftirtöldum ríkjum í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum, eftir því sem nánar er merkt við hvern vörulið: Ríkjum Evrópu-bandalagsins (EB), ríkjum EFTA, Búlgaríu (B), Ísrael (Í), Póllandi (P), Rúmeníu (R), Tékklandi og Slóvakíu (TS), Tyrklandi (T) og Ungverjalandi (U):

Tollskrárn.	Vörutegund	Ríki
Úr 0403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:	
	-- Jógúrt:	
0403.1001	-- -- Kakaóblandað.	EB, EFTA, P, TS, R, U, B, T, Í
0403.1003	-- -- Drykkjarjógúrt.	EB, P, TS, R, U, B, T, Í
	-- Annað:	
0403.9001	-- --Kakaóblandað.	EFTA, P, TS, R, U, B, T, Í
0403.9002	-- -- Blandað með ávöxtum eða hnetum.	EFTA
0403.9003	-- -- Drykkjarvara.	EB, EFTA, P, TS, R, U, B, T, Í
Úr 0603	Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:	
	-- Nýtt:	
	-- -- Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk, og paradísarfuglablóm:	
0603.1001	-- -- -- Innfluttar á tímabilinu 1. desember til 30. apríl.	EB
Úr 0702	Tómatar, nýir eða kældir:	
	-- Tómatar, nýir eða kældir:	
0702.0001	-- -- Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars.	EB
Úr 0705	Salat (<i>Lactuca sativa</i>) og síkoría (<i>Cichorium spp.</i>), nýtt eða kælt:	
	-- Salat:	
	-- -- Salat, kálhausar (head lettuce):	
0705.1101	-- -- -- Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars.	EB

Úr 0707	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:	
0707.0001	-- Innfluttar á tímabilinu 1. nóvember til 1. mars.	EB
Úr 0709	Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:	
0709.3000	-- Eggaldinjurtir.	EB
	-- Aldin Capsicumættarinnar eða Pimentaættarinnar:	
	-- -- Paprika:	
0709.6002	-- -- Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars.	EB
0709.7000	-- Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka (garðspínat).	P, R, TS, T
	-- Annað:	
úr 0709.9009	-- -- Ólívur, nýjar eða kældar.	T
úr 0709.9009	-- -- Kúrbítur, nýr eða kældur	EB, TS, T
Úr 0710	Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar:	
	-- Aðrar matjurtir:	
	-- -- Paprika:	
0710.8001	-- -- -- Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars.	EB, TS, R, T
0710.8002	-- -- -- Innflutningur á öðrum tíma.	TS, R, T
Úr 2004	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar:	
	-- Matjurtir og matjurtablöndur, aðrar en kartöflur:	
úr 2004.9009	-- -- Jarðartískokka.	EB
úr 2004.9009	-- -- Grænar eða svartar ólívur.	P, T
úr 2004.9009	-- -- Grænar baunir og belgaldin	P, TS, R, T
úr 2004.9009	-- -- Framleiðsla úr belgjurtamjöli að meginstofni	EB
Úr 2106	Matvæli, ótalin annars staðar:	
	-- -- Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:	
úr 2106.9029	-- -- -- Önnur, sem innihalda að einhverju leyti smjör, aðra fitu, olíu eða eggjahvítu úr mjólk.	EB, EFTA, P, TS, R, U, B, T, Í

Öllum vörum sem fluttar eru inn skv. þessari grein skal fylgja vottorð er staðfestir uppruna vörunnar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 126/1993 um beytingu á lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið 5. janúar 1994.

Halldór Blöndal.

Guðmundur Sigþórsson.